

LISTIR

Manngerðirnar þekkjast í smurbrauðinu

NÚ standa yfir í Iðnó æfingar á leikritinu *Hin smyrjandi jómfri* eftir danska nýbúann og smurbrauðsdömu Charlotte Böving en hún skartar einnig titlunum leik- og söngkona. Leikritið er leikið af nýbúa, er eftir nýbúa og um nýbúa og einbúa. Fjallað er um tilvistarbaráttu smurbrauðsins í íslensku samfélagi.

„Smurbrauðsjómfrúin má ekki skilja eftir sig nein spor í brauðinu. Hún er listamaður sem ekki má merkja sér verk sitt. Hún er „hinn óþekkti höfundur“,“ segir Charlotte. „Ég hef ferðast sem smurbrauðsjómfrú um allan heim og hef lært að þekkja hinar mörgu og ólíku „smörrebrauðs“-manngerðir sem finnast alls staðar. Það þýðir að ég get lesið í persónuleika fólks út frá því „smörrebrauði“ sem því þykir best.“

Charlotte hefur unnið til fjölda verðlauna í Danmörku, m.a. Henkel-leiklistarverðlaunanna. Charlotte nam hér land árið 2000 og



Morgunblaðið/Sverrir

Smurbrauðsdaman, leik- og söngkonan Charlotte Böving ásamt dóttur sinni Önnu Róshildi.

samdi barnaleikritið *Rauðhettu* og úlfinn sem sýnt var í Hafnarfjarðarleikhúsinu á síðasta leikári. Hún samdi einnig tónlistina og leikstýrði verkinu.

Hin smyrjandi jómfri verður frumsýnt í Iðnó 7. nóvember. Leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir. Framleiðandi er Benedikt Erlingsson fyrir hönd Gulldrengsins ehf.



Ólafur Kvaran, forstöðumaður LÍ, og dr. Galina Andreeva hjá Tretyakov-safninu spá í uppröðun verka ytra.

Íslenska myndlistarsýningin opnuð í Moskvu

TÓMAS Ingi Olrich menntamálaráðherra opnaði viðamikla sýningu á vegum Listasafns Íslands í Tretyakov-listasafninu í Moskvu í gær. Heiti hennar er „Andspænis náttúrunni – íslensk myndlist á 20. öld“. Þar má sjá 65 verk eftir 21 listamann, frumkvöðla í myndlistarsögu þjóðarinnar en einnig eftir listamenn sem enn eru starfandi.

Á sýningunni eru bæði verk í eigu safnsins og frá einstaklingum og stofnunum sem lánað hafa verk. Sýningunni lýkur 1. desember.

Í fræðsludagskrá Tretyakovsafnsins vegna íslensku myndlistarsýningarinnar verður þar opnuð sérstök kynning og sýning helguð

Halldóri Laxness. Ennfremur verða sýndar í safninu nokkrar íslenskar kvikmyndir í samstarfi við Kvikmyndasjóð Íslands.

Pharmaco, aðalstyrktaraðili Listasafns Íslands 2002–2003, hefur lagt þessu verkefni fjárhagslegan stuðning, en fyrirtækið og starfsfólk þess hefur þekkingu og reynslu í Rússlandi sem reynst hefur vel í þessu samstarfi, að sögn Ólafs H. Torfasonar hjá Listasafni Íslands.

Sendiráð Íslands í Moskvu hefur einnig veitt margvíslega aðstoð.

Tretyakov-safnið er þjóðlistasafn Rússa og eitt stærsta safn þjóðarinnar. Sýning Listasafns Íslands í Moskvu er liður í samkomulagi

safnanna um sýningaskipti en 27. apríl – 17. júní 2002 var hér stór sýning frá Tretyakov-safninu.

Listamenn sem eiga verk sýningunni eru: Þórarinn B. Þorláksson, Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson, Jóhannes S. Kjarval, Júlíana Sveinsdóttir, Gunnlaugur Scheving, Jóhann Briem, Jón Engilberts, Svavar Guðnason, Nína Tryggvadóttir, Kristján Davíðsson, Ásgerður Búadóttir, Erró, Sigurður Guðmundsson, Gunnar Örn Gunnarsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Guðrún Einaradóttir, Georg Guðni Hauksson, Hrafnkell Sigurðsson, Sigurður Árni Sigurðsson og Ólafur Elíasson

Átthagafræði fyrir börn

LEIKLIST

Möguleikhúsið
HEIÐARSNÆLDA

Höfundur: Leikhópurinn. **Leikstjóri:** Bjarni Ingvarsson. **Baktjald:** Kjuregej Alexandra Argunova. **Búningar og brúðgerð:** Katrín Þorvaldsdóttir. **Móðelsmið:** Justin Wallace. **Hljóðfæraleikur og hljóðmynd:** Stefán Örn Arnarson. **Leikarar:** Pétur Eggerz og Stefán Örn Arnarson. **Laugardagur 19. október.**

FJÖLMARGIR lesendur blaðsins sem komnir eru vel á legg eiga eflaust sælar minningar frá fyrstu námsárum sínum um blessaða átthagafræðina. Þar voru yngstu skólabörnin m.a. frædd um rætur sínar í horfinni sveitamenningu og undirritaður undi glaður við sitt að teikna burstabæi, dýrin í sveitinni, konur í peysufötum, legg og skel. Auðvitað voru vonbrigðin sár þegar komist var að raun um að stórstígar framfarir í sveitum höfðu fyrir löngu rutt þessari rómantísku sýn úr vegi – ef hún hefur þá nokkurn tímann átt sér stað í raunveruleikanum.

Allt þetta rifjaðist upp við að sjá þessa sýningu í Möguleikhúsinu. Að vísu býr Björn bóndi ekki í torfbæ – langt í frá – en hann virðist hafa þetta sama viðhorf til lífsins og tilverunnar sem gegnsýrði átthagafræðina í þá gömlu góðu daga. Þessi glaðlyndi rómantiker eltist milli morgun- og kvöldmjalta við týnda heimalninga og virðist kæra sig kollóttan um lágt verð á ull eða takmarkaðan kjöt- og mjólkurkvóta.

Sýning þessi er ætluð börnum í yngri kantinum – þeim sem á annað borð hafa þroska til að sitja kyrr í rúman hálf tíma – og það er greinilegt að þessi rómantísku sýn á sveitalífið höfðar jafnvel til þessa aldurshóps og forðum.

Allt sem bar fyrir augu, lítið líkan af bænum og umhverfi hans með örlitlum leikfangadýrum og Birni bónda úr plasti; litlar leikbrúður af heimalningi, hundi og Birni bónda og stærri gerð af sömu aðilum en bóndinn þá af holdi og blóði – allt þetta gegndi



Morgunblaðið/Sverrir

„Undirritaður hefur sjaldan verið á leiksýningu þar sem börnin voru jafnagntekin,“ segir meðal annars í umsögn Sveins Haraldssonar.

sínu hlutverki í yndislega einfaldri sögu um þann sem týnist en finnst aftur og kemst í örugga höfn eftir ýmis hæfilega hræðileg ævintýri. Ég held að ekkert barnanna hafi efast um það eitt augnablik að Björn bóndi fyndi heimalninginn Heiðarsnældu og þar sem jafnvel skelmirinn í leikritinu reynist bara yrðlingsbjálfi er aldrei nein raunveruleg hætta á ferðum.

Þemað um týnt ungið sem finnst aftur er afar vinsælt umfjöllunarefni í verkum sem samín eru fyrir börn, sérstaklega í brúðleikhúsi. Að vísu er sá sem leitar og finnur venjulega móðirin svo það er löngu kominn tími til að rétta hlut karlkynsins eins og hér er gert. Að sönnu er látið ógert að velta fyrir sér mögulegum örlögum Heiðarsnældu þegar haustar að og hvaða hlutverki hún gæti gegnt til að næra börnin líkamlega rétt eins og lífshlaup hennar hefur orðið þeim að andlegri næringu, en best er að geyma slíkar siðferðisþurningar til betri tíma þegar andlegur þroski þeirra er kominn á það stig að hægt er að upplýsa þau um staðreyndir tilveru okkar án þess að það valdi þeim varanlegum skaða.

Pétur Eggerz er góðmennskan uppmáluð í hlutverkinu, hann er

jafnöruggur og einbeittur á meðan á sýningunni stóð og á meðan hann sýnir börnunum leikbrúður- og mynd eftir að henni lýkur. Stefán Örn Arnarson á að baki þó nokkurn feril í leikhúsi sem hljóðfæraleikari með meiru, m.a. í Völuspá Möguleikhússins og áður hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann notaði fiðluna skemmtilega en óneitanlega er sellóið sem hann leikur allajafna á mun dramatískari hljóðgjafi. Hann galti, jarmaði og baulaði eins og hann ætti líf sitt að leysa – allt með miklum ágætum. Hér er enginn hasar á ferðinni heldur hefur Bjarni Ingvarsson leikstjóri greinilega einsett sér að gera yngstu leikhúsgestunum til hæfis. Leiktjald Kjuregej Alexöndru Argunovu af bláum heidahimnum er sérstaklega fallett, líkanið af bænum vel úr garði gert og stærri leikbrúðurnar lifandi eftirmynd ungiðsins úr dýrarkínu.

Undirritaður hefur sjaldan verið á leiksýningu þar sem börnin voru jafnagntekin. Að auki rifjaði þetta upp fyrir honum sælar stundir við upphaf skólagöngunnar þegar dýrin í sveitinni þóttu enn hrifandi og verðugt viðfangsefni.

Sveinn Haraldsson

Í DAG

Lára Magnúsdóttir sagnfræðingur flytur erindi á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða kl. 20.30 í Sögufélagshúsinu, Fischersundi 3. Fyrirlesturinn nefnist Veraldlegt og andlegt vald á miðöldum og fjallar Lára um samband ríkis og kirkju á Íslandi á miðöldum, einkum á síðmiðöldum. Hún reynir að greina breytingar sem urðu á stjórnskrif Íslands á áratugnum 1270–1280 og ræðir alþjóðlegt sögulegt samhengi kristinréttar hins nýja frá árinu 1275 og vafaatriði við gildistöku hans. Að auki fjallar Lára um þá

málaflokka sem kirkjan réð á þessum tíma og veltir fyrir sér afstöðu milli veraldlegs og andlegs valds fyrir og eftir setningu kristinréttarins.

Lára Magnúsdóttir er BA í sagnfræði og almennum málvísindum frá Háskóla Íslands, stundaði framhaldsnám í miðaldasögu við Háskólann í Genf og er nú í doktorsnámi við sagnfræðiskor Háskóla Íslands þar sem hún er að rannsaka bannfæringer á Íslandi á síðmiðöldum.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

2 fyrir 1 til

Búdapest

28. október

frá kr. **19.950**

Ótrúlegt tækifæri til að kynnst þessari mest heillandi borg mið-Evrópu. Beint flug þann 28. október, þú kaupir 2 sæti en greiðir aðeins fyrir 1. Ungverjar eru orðlagðir fyrir gestrisni og hér er auðvelt að lifa í veislu í mat og drykk, á milli þess sem maður kynnist ólíkum andlitum borgarinnar. Í boði eru mjög góð 3, 4 og 5 stjörnu hótél og spennandi kynnisferðir um borgina með íslenskum fararstjórum Heimsferðir.

Verð kr. **19.950**

Flugsæti til Búdapest, 28. okt., heim 31. okt. Verð kr. 32.800/2 = 16.400. Skattur kr. 3.550. Almennt verð kr. 20.950.

Verð kr. **2.800**

Hótelherbergi á mann p. nótt. M.v. 2 í herbergi á Tulip Hotel. Almennt verð kr. 2.940.



Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is